



TJARNARBIÓ

GRAL | EIÐURINN OG EITTHVAÐ
EFTIR GUÐBERG BERGSSON

STÓRU BÖRNIN | **LAB LOKI**
EFTIR LILJU SIGURÐARDÓTTUR

FRÚ EMILÍA | VANJA FRÆNDI
EFTIR ANTON CHEKHOV

FYRIRGEFÐU? | **MÁLAMYNDA**
EFTIR ÞÓRDÍSI ELVU
ÞORVALDSDÓTTUR | **HÓPURINN**

WWW.TJARNARBIO.IS

Hvað hugsar skáld yfir kvöldverði?

Óvænt og óðrúvísi verk beint úr hugarheimi Guðbergs Bergssonar.



Skáldið stendur á sviðinu með óstraujaðar buxur og ómótaðar hugmyndir í kollinum um tvö leikverk. Hann kallar fram persónur sem hefja leik:

Tveir menn sitja á sjúkrarúmi og velta fyrir sér tilgangi tilverunnar. Kona í hvítum sloppi kemur inn og hristir rassinn. Er þessi kona komin til að prumpa á okkur? ...og hver er þessi Ragnheiður Brynjólfssdóttir? Við erum á leiðinni inn í Eitthvað! Innan tíðar gera persónurnar leikverksins uppreisn gegn skapara sínum því „uppreisn, mótlþrói og óhlýðni eru sameining“... og skáldskapurinn nær yfirhöndinni þegar persónurnar taka málin í sínar hendur.

„Ég vil komast eitthvað. Burt! Burt! Frá þessu sem ég veit ekki hvað er. Er þetta fangelsi? Er þetta sjúkrahús? Einhver andskoti!“



Hversu hátt svífur andinn í leikhúsinu?

Skáldið

Guðbergur Bergsson er eitt helsta núlifandi skáld Íslendinga. Bækur hans hafa verið gefnar út á fjölmörgum tungumálum. „Eiðurinn og eitthvað“ er hans fyrsta verk sem er beinlínis ætlað leikhúsi. Óvænt og óðrúvísi leiksýning skreytt gullkornum úr hugarheimi Guðbergs, sem oft og tíðum getur verið ólíkindatöl og kemur alltaf á óvart.

Gral og Gralverjar

Grindvíska atvinnuleikhúsið – GRAL var stofnað árið 2008, af leikhúsfólki sem hefur tengsl við Grindavík. Bergur Þór Ingólfsson er leikstjóri og listrænn stjórnandi GRAL en hann hefur getið sér gott orð bæði sem leikari og leikstjóri, nú síðast með leikstjórn á Mary Poppins í Borgarleikhúsinu.


Horn á höfði snýr aftur

GRAL hefur alla tíð einbeitt sér að verkum sem byggja á sögu og umhverfi bæjarins og hlaut árið Grímurverðlaunin árið 2010 fyrir fjölskylduleiksýninguna „Horn á höfði“. Þann 15. september fer sú sýning aftur á fjalirnar og gefst korthöfum Tjarnarbíós kostur á að velja á milli leiksýninganna Eiðurinn og eitthvað og Horn á höfði.

Leikarar sýningarinnar: Sveinn Ólafur Gunnarsson, Sólveig Guðmundsdóttir, Erling Jóhannesson og Benedikt Karl Gröndal. **Aðlögun og leikstjórn:** Bergur Þór Ingólfsson. **Leikmynd:** Eva Vala Guðjónsdóttir og Bergur Þór Ingólfsson. **Búningar og leikgervi:** Eva Vala Guðjónsdóttir Lýsing Magnús Arnar Sigurðsson. **Tónlist:** Sölvi Blöndal. **Hreyfimyndagerð:** Una Lorentzen og Philip Lockerby. Lengd 80 mínútur án hlés. **Sýningartími:** september–október.

Er ástin einungis einhvers virði ef hún er ókeypis?

Stóru börnin eftir Lilju Sigurðardóttur fjallar á margræðan hátt um gildi ástarinnar.



Miðaldra smiðurinn Kristján kemur í hús Mömmu í leit að ást sem hann hefur lengi þráð.

Ást sem hann er tilbúinn að borga fyrir. Móðurást. Mamma elskar hann og annast fyrir ákveðna upphæð – rétt eins og hin stóru börnin sín. Stóru börnin sem þurfa svo mikið, krefjast svo mikils, þroskast svo hratt. Mamma sinnir þörfum þeirra, nærir þau, þrífur þau, huggar þau og veitir þeim ráðningu þegar þau eru óþekk.


Stóru börnin eftir Lilju Sigurðardóttur fjallar á margræðan hátt um gildi ástarinnar.

Þótt verkið hafi nokkuð hefðbundna leikhúsumgjörð er umfjöllunarefnið nýstárlegt og varpar fram spurningum sem vel eiga heima í nútímanum. Er ástin einungis einhvers virði ef hún er ókeypis? Missir hún gildi sitt ef borgað er fyrir hana? Hættir hún þá að vera alvöru ást? Og síðast en ekki síst, er sá sem selur ástina frjáls í því að falbjóða?

Í Stóru börnunum er hulinn heimur infantlista notaður til að varpa ljósi á fremur jarðbundin og hversdagsleg viðfangsefni sem flestir þekkja: samband foreldra og barna, æskuörin sem allir bera, flóttann frá fortíðinni og ástina í mörgum mögulegum myndum.

Stóru börnin er margslungið og lífligt leikverk, nýstárlegt og ögrandi. Sviðsverk sem hreyfir við tilfinningunum jafnt sem hugsuninni.

Í uppsetningu Lab Loka fara Árni



Pétur Guðjónsson, Birna Hafstein, Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir og Stefán Hallur Stefánsson með hlutverkin undir stjórn Rúnar Guðbrandssonar.

Þar sem kynferðislegur undirtónn er í verkinu telst það ekki við hæfi barna.

Lab Loki


Leikhópurinn Lab Loki var stofnaður í Reykjavík árið 1992 og hefur haldið úti öflugri og margþættri leiklistarstarfsemi síðan, jafnt hérlendis sem erlendis. Alla tíð hefur mikil áhersla verið lögð á markvissar tilraunir og skipulagðar rannsóknir á listforminu og tjáningarméðulum leikarans, meðal annars með kraftmikilli þjálfun, hóp-vinnu og sameiginlegri sköpun.

Öll verk hópsins til þessa hafa verið frumsköpun eða frumflutningur nýrra verka, t.d. Amlodi's Journey sem gerði garðinn frægan í Englandi og víðar, Ragnarök 2002, þar sem teft var saman hinni japönsku

Suzuki-leiktúlkunaraðferð og textum úr Eddukvæðum og Aurora Borealis, millilandleiksýning sem fór fram samtímis í Danmörku, Íslandi og á Veraldarvefnum.

Af nýlegri verkefnum Lab Loka má nefna; Steinar í djúpinu eftir Rúnar Guðbrandsson/Steinar Sigurjónsson og Ufsagrýllur eftir Sjón, báðar sýndar í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Svikarinn eftir Árna Pétur Guðjónsson og Rúnar Guðbrandsson og nú síðast Hvörf, verk byggt á Guðmundar- og Geirfinnsmálum í samvinnu við Þjóðleikhúsið. Þessar sýningar hafa hlotið sterk viðbrögð jafnt gagnrýnenda sem áhorfenda og verið tilnefndar til Menningarverðlauna DV og hlotið á annan tug Grímutilnefninga og nokkrar Grímur.

Og nú er röðin komin að Stóru börnunum, nýju íslensku leikverki eftir Lilju Sigurðardóttur. Auk þess mun Lab Loki taka Svikarann aftur til sýninga í Tjarnarbíói síðar í vetur.



Leikarar: Árni Pétur Guðjónsson, Birna Hafstein, Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir og Stefán Hallur Stefánsson. **Leikstjóri:** Rúnar Guðbrandsson.

Hérna ... fyrirgefðu?

Fyrirgefðu? vekur upp spurningar um límið í mannlegum samskiptum, með húmorinn að leiðarljósi. Hverjum þjónar fyrirgefningin í raun og veru – þeim sem er fyrirgefið eða þeim sem fyrirgefur?



Fyrrirgefðu? er nýtt, íslenskt leikverk sem byggir á rúmlega 70 viðtölum sem Málamyndahópurinn tók við fólki á aldrinum 5-85 ára um fyrirgefningu. Það deildi grátbroslegum sögum um að fyrirgefa líkama sínum fyrir að vera ekki fullkominn, makanum fyrir ýmsa ósiði og krökkunum fyrir að skrattast aldrei til að hlýða, svo eitthvað sé nefnt. Undir niðri glímdu allir við sömu spurninguna: Hvernig fyrirgefur maður sjálfum sér? Þótt efniviðurinn bjóði upp á mikla dramatík lagði Málamyndahópurinn sig fram um að finna húmorinn í vandræðaganginum sem fylgir oft því að biðjast fyrirgefningar og því var mikið hlegið í þróunarferlinu.

Fyrirgefðu? gerist í fjölbýlishúsi í Reykjavík. Við kynnumst



Maríu, sem veit ekki hvort hún getur fyrirgefið manni sínum fyrir framhjáhald, alkóhólistanum Friðfinni sem finnst hann ekki eiga skilið að vera fyrirgefið og femínistanum Arnheiði sem mun aldrei nokkurn tíma fyrirgefa feðraveldinu. Þá eru það gömlu hjónin Elliði og Guðrífður, sem þurfa á sáttfýsi að halda í glímu sinni við alzheimer, og Jónatan, sem er að fríka út vegna skuldbindingar-

fælni sambýlismanns síns. Svo er það ósýnilega konan sem enginn virðist gefa gaum – hvaða leyndarmál ber hún með sér?

Fyrirgefðu? vekur upp spurningar um límið í mannlegum samskiptum. Margir líta svo á að til séu „ófyrirgefanlegar syndir“ en stenst það nánari skoðun? Hverjum þjónar fyrirgefningin í raun og veru – þeim sem er fyrirgefið eða þeim sem fyrirgefur?

Verkið skrifaði Þórdís Elva Þorvaldsdóttir með aðstoð leikaranna Aðalbjargar Árnadóttur, Árna Péturs Guðjónssonar, Ragnheiðar Steindórsdóttur og Víðis Guðmundssonar, sem munu leika í verkinu. Þóra Karítas Árnadóttir leikkona kemur í stað Aðalbjargar, sem gerir garðinn frægan hjá Leikfélagi Akureyrar í vetur. Stefnt er að frumsýningu í febrúar 2014.

Leikstjórn: Þórdís Elva Þorvaldsdóttir og Málamyndahópurinn **Hljóðmynd:** Jarþrúður Karlsdóttir **Sviðsmynd og búningar:** Rebekka A. Ingimundardóttir **Dans og sviðshreyfingar:** Ólöf Ingólfssdóttir **Ljósahönnun:** Magnús Arnar Sigurðarson

VANJA FRÆNDI
FRÚ EMILÍA - LEIKHÚS

Leikstjóri: Guðjón Pedersen - **Leikmynd:** Grétar Reynisson - **Búningar:** Elín Edda Árnadóttir - **Lýsing:** Jóhann Bjarni Pálmarsson
Leikarar: Hilmir Snær Guðnason - Þrúður Vilhjálmssdóttir - Edda Björg Eyjólfssdóttir - Hjalti Rögnvaldsson - Gunnar Gunnsteinsson - Guðrún Gísladóttir - Kristbjörg Kjeld - Þorsteinn Bachmann.

Frumstýnt í mars 2014

TJARNARBIÓ

LEIKHÚSIÐ VIÐ TJÖRNINA

Tjarnarkortið 9.900 krónur

Tjarnarbió býður í fyrsta skiptið upp á Tjarnarkortið. Innifaldar í kortinu eru fjórar nýjar frumsýningar sjálfstæðra hópa ásamt því að fá 500 kr. afslátt af völdum viðburðum. Hægt er að kaupa kortin á www.tjarnarbio.is og á www.midi.is. Kortasölu lýkur 22. september.

Eftirtaldar sýningar eru í boði:

Frumstýnt í lok ágúst

GRAL – Eiðurinn og Eitthvað eftir Guðberg Bergsson.
Leikstjóri: Bergur Þór Ingólfsson.

Frumstýnt í október

Lab Loki - Stóru börnin eftir Lilju Sigurðardóttur.
Leikstjóri: Rúnar Guðbrandsson.

Frumstýnt í febrúar


Málamyndahópurinn – Fyrirgefðu?
Leikstjóri og höfundur: Þórdís Elva Þorvaldsdóttir.

Frumstýnt í mars

Frú Emilía – Vanja frændi eftir Anton Chekhov.
Leikstjóri: Guðjón Pedersen.



Fjölbreytt dagskrá í Tjarnarbiói í vetur



Leiklist:

Horn á höfði
Ævintýrið um Augastein
Nóttin var sú ágæt ein
Blái hnötturinn – gestasýning frá Póllandi
Svikarinn

Hátíðir:

LÓKAL – alþjóðleg leiklistarhátíð
RIFF – alþjóðleg kvikmyndahátíð
UNGLIST

Tónleikar:

Kvartett um endalok tímans
Útgáfutónleikar Einars Lövdals.